

Dómsorð:

Ákærði, Jón Viðar Ágústsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 25. maí 1982.

Nr. 264/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús P. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Ágrip máls barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Af hendi ákærvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýj-
aða dóms að því er varðar sakfellingu í einstökum ákæru-
liðum“ svo og staðfestingar á ákvæðum dómsins um eignar-
upptöku og sakarkostnað. Þá er krafist þyngingar refsingar.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröf-
um ákærvalds samkvæmt III. og IV. lið ákæru og að hon-
um verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, fyrir önnur
brot, er ákæran varðar, og verði þau aðeins talin varða við
lög nr. 65/1974.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um sakarmat. Brotin eru framin frá maí til september 1978. Brot það, er greinir í I. ákærulið, er fólgið í innflutningi hassefna frá Hollandi til Danmerkur. Á það ekki undir verknaðarlýsingu 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot þetta varðar við 2. gr., sbr. 6. gr. og 5. gr. laga nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, 2. gr., hvort tveggja samanborið við 2. tl. 5. gr. laga nr. 19/1940. Ber nú að dæma honum refsingu vegna þessa brots samkvæmt lögum nr. 60/1980, en þó verður eigi beitt þyngri viðurlögum en felast í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Hin brotin öll fela í sér óslitna brotastarfsemi, sem virða ber heildstætt, og varða þau ákærða refsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr., sbr. og 2. tl. 5. gr. laga nr. 19/1940 að því er varðar brot þau, er eigi tengjast Íslandi. Beita má enn fremur viðurlögum samkvæmt 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, svo sem þeim ákvæðum var breytt með lögum nr. 101/1976, 4. og 5. gr.

Brot ákærða eru stórfelld. Er hér bæði um innflutning allmikils magns af hassi að ræða og umfangsmikla dreifingu gegn háu féggjaldi. Sammæltist ákærði við ýmsa menn um framningu brotanna, svo sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Hann var aðeins tvítugur að aldri, er hann framdi brotin. Refsingu hans ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 16 mánaða fangelsi. Til frádráttar refsivistinni komi gæsluvarðhaldsvist hans í 26 daga, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Þá sæti hann enn fremur 20.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti 16 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 26 dagar. Enn fremur sæti hann 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakar-kostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði er með dómi í máli þessu sakfelldur fyrir marg-endurtekin kaup mikils magns af hassefnum, flutning þeirra milli landa og sölu þeirra í fjárgróðaskyni. Þegar þetta er virt, tel ég ekki efni til að breyta ákvæði hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. maí 1981.

Ár 1981, mánudaginn 11. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfis-götu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 812/1981: Ákærvaldið gegn Halldóri Lárusi Péturssyni.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og dómtekið 30. apríl sl., er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 25. febrúar 1981, á hendur Halldóri Lárusi Péturssyni, Ljósheimum 14, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. mars 1958, „fyrir að hafa á

tímabilinu frá maí—september 1978 margsinnis haft hassefni til meðferðar í ávinningsskyni, einkum í Hollandi, Danmörku og Svíþjóð, svo sem rakið er:

I.

Um miðjan maí í félagi við Árna Hrafnsson keypt 120 gr af hassi í Amsterdam og flutt megnið af því til Kaupmannahafnar, en efnið höfðu þeir til eigin nota.

II.

Í seinni hluta júlí í félagi við nafngreindan íslending, S. Þ. S., keypt hassefni í Kaupmannahöfn, um 250 gr, á 17—18 kr. dansk- ar hvert gramm, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 6—7.000 sænskar krónur, sem ákærði afhenti nefndum S. Þ. S.

III.

Nærri mánaðamótum júlí/ágúst í félagi við nefndan S. Þ. S. selt um 200 gr af hassi í eigu S. Þ. S. ótilgreindum mönnum í Gautaborg fyrir um 6—7.000 s. kr.

IV.

Um sama leyti í félagi við nefndan S. Þ. S. selt 4—500 gr af hassi í eigu hans ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir 10—11.000 s. kr.

V.

Í fyrri hluta ágúst enn í félagi við S. Þ. S. keypt 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, en fé til kaupanna tóku þeir af söluandvirði efnisins í IV. lið. Nefndur S. Þ. S. flutti síðan megnið af efninu til Svíþjóðar og seldi þar fyrir þá félaga fyrir um 19.000 s. kr.

VI.

Um miðjan ágúst í félagi við nafngreinda íslendinga, G. E. og G. G., keypt alls um 4.4 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Kaupmannahafnar og fengið þar í sinn hlut 2.2 kg af efninu, sem taldist sameign ákærða og framangreinds S. Þ. S., en fé til kaupanna tók ákærði af söluandvirði hassins í V. lið. Ákærði seldi megnið af efninu ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn í félagi við S. Þ. S.

VII.

Nærri mánaðamótum ágúst/september í félagi við nefndan S. Þ. S. og Árna Hrafnsson flutt 4 kg af hassi frá Kaupmannahöfn til Svíþjóðar og ásamt S. Þ. S. selt þar hluta efnisins ótilgreindum mönnum í Gautaborg og Málmey. Um 5. september enn haft til umráða um 1200 gr efnisins, sem ákærði seldi að

hluta í Gautaborg, og síðan flutt megnið af þessum efnisskammti til Osló í félagi við Árna Hrafnsson, Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson og selt þar ótilgreindum aðilum, en að því loknu hafði ákærði í förum sínum u. þ. b. jafnvirði 27.000 danskra króna, sem hann flutti til Kaupmannahafnar.

VIII.

Um miðjan september í Kaupmannahöfn afhent nefndum Árna Hrafnssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Kristjáni Aðalsteinssyni megnið af fénu, sem um ræðir í lok VII. liðs, til kaupa á hassi í Amsterdam, þar sem þeir þremmenningar keyptu síðan 3 kg af efninu og fluttu til ákærða í Kaupmannahöfn, og taldist meginhluti efnisins eign ákærða, en 400 gr eign nefnds Árna, sem ákærði afhenti 200 gr þá þegar, og ennfremur afhent nefndum þremmenningum um 200 gr efnisins að láni. Auk þess ráðstafað um 1 kg af efninu í borginni að mestu til ótilgreindra aðila. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, Árna, Péturs og Kristjáns, flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af þessu efni hingað til lands 21. september, og hugðist ákærði selja meginhluta þess efnisskammts nokkru síðar á Keflavíkurflugvelli í ágóðaskyni, en ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 30. s. m., og síðan lagði lögreglan hald á um 1260 gr efnisins í Reykjavík 25. október.“

Er þetta talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á um 1260 gr af hassi samkvæmt 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. hegningarlaganna svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 6. mars 1958. Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

- 1973 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 27/6 1973.
- 1974 29/3 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. umferðarlaga.
- 1974 28/8 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25., 27. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til öku-leyfis í 8 mán. frá 28/8 1974.

- 1974 2/11 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1975 4/7 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., 1. mgr. 254. gr., 1. mgr. 259. gr., 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 25. gr., 27. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 4/7 1975.
- 1976 23/2 í Reykjavík: 4 mán. fangelsi—gæsluvarðhald frá 23/6 til 22/8 1975—fyrir brot gegn 244. gr., 155. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1977 1/2 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 1. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1975 7/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1979 22/2 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1980 21/11 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.
- 1980 24/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð refsing.
- 1981 10/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 8.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

MÁLSATVIK.

Í lok september 1978 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík viðamikil rannsókn á stórfelldu fíkniefnamisferli margra Íslendinga. Var hér um að ræða ætluð meiri háttar kaup á hassefnum í Amsterdam og sölu slíkra með hagnaði í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Malmö og Gautaborg, en jafnframt flutning slíkra hingað til lands í söluskyni.

Sættu margir aðiljar gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, og var ákærði einn slíkra. Vegna eðlis brota og umfangs dróst rannsókn málsins mjög á langinn, og réð þá mestu, hve erfitt var að ná til þeirra, er við málið voru riðnir, enda margir þá dveljandi langdvölum erlendis og eru það enn.

Ákærði var í upphafi rannsóknar borinn verulegum sökum og var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 30. september 1978, en neitaði þá öllum sökum. Ákærði var enn yfirheyrður hjá lögreglu og hér í dómi 11. október s. á. og þann sama dag

úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum. Sætti ákærði gæsluvarðhaldi til 6. nóvember þ. á. og var á gæsluvarðhaldstímanum margítrekað yfirheyrður hjá lögreglu. Voru framburðir hans beytilegir, en hann staðfesti endanlegan framburð sinn hér í dómi 6. nóvember. Þá var ákærði enn yfirheyrður hér í dómi 23. maí 1979.

Hér á eftir verður vikið að málsatvikum í þeirri röð, er í ákæruskjali greinir:

I. ákæruliður.

Við yfirheyrslu hér í dómi 11. október 1978 viðurkenndi ákærði að hafa haldið til London flugleiðis 11. maí þ. á. og samdægurs haldið þaðan til Amsterdam. Með ákærða í förum hafi verið Árni Hrafnsson, kunningi ákærða. Þar hafi þeir félagar dvalið í vikutíma og í helmingafélagi keypt 120 gr af hassi til eigin neyslu. Hafi þeir notað af efni og flutt með sér til Kaupmannahafnar, þar sem efni hafi verið notað til eigin neyslu þeirra félaga.

Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958 í Reykjavík, sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 29. september til 29. október 1978. Hér í dómi 29. október lýsti nefndur Árni Amsterdamför þessari á sama veg og ákærði, en kvað hassefni það, er þeir keyptu sameiginlega í Amsterdam, 200 gr, er þeir hafi síðan flutt til Kaupmannahafnar og neytt ásamt mörgum kunningjum, en ekkert selt.

II. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 6. nóv. 1978. Kvað hann mág sinn, Sigurð Þór Sigurðsson, og systur sína, Sigríði Brynju Pétursdóttur, hafa komið til Kaupmannahafnar um miðjan júlí þ. á. Hafi Sigurður Þór haft nokkurt handbært fé og komið að máli við ákærða og spurt hann, hvort ákærði væri reiðubúinn að flytja hass til Svíþjóðar og selja þar, ef Sigurður Þór keypti efni. Ákærði kvaðst hafa tekið vel í þetta og Sigurður Þór síðan afhent sér fé, ekki kvaðst ákærði muna hve mikið. Hafi hann síðar í félagi við Hermann Ólason keypt hass af dönskum aðilja í Christianiu fyrir fé Sigurðar Þórs og fyrir það fengið 250 gr. Hafi hann greitt sem svaraði um 17—18 dönskum krónum fyrir hvert gramm, en síðan

flutt það til Svíþjóðar og í Gautaborg selt það ónefndum aðiljum og söluandvirði numið um 6—7.000 sænskum krónum. Að lokinni sölu, er tók um vikutíma, kvaðst ákærði hafa afhent Sigurði Þór söluandvirðið.

Nefndur Sigurður Þór Sigurðsson, fæddur 19. desember 1952, var handtekinn af fíkniefnalögreglu í Kaupmannahöfn í byrjun mars 1979 vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis og sætti gæsluvarðhaldi þar til 2. maí s. á., er hann var dæmdur í 3ja ára fangelsi fyrir stórfellda verslun með fíkniefni. Er rannsókn sú stóð yfir, voru gögn varðandi nefndan Sigurð Þór úr rannsókn þeirri, er hér er til umfjöllunar, send dönskum yfirvöldum. Af gögnum varðandi nefndan dóm yfir Sigurði Þór, er borist hafa þessu embætti, verður ekki fullyrt, að Sigurður Þór hafi verið yfirheyrður um sakarefni það, er hér um ræðir, þrátt fyrir fjölmargar umleitanir þessa embættis.

Hins vegar er í áðurgreindum dómi talið sannað, að Sigurður Þór margnefndur hafi í júní 1978 gerst sekur um refsiverða meðhöndlun hassefna. Þykir nægilega ljóst, að þar sé átt við efnislega sömu háttsemi og í þessum lið ákæruskjals greinir, þótt lítillaga skeiki um tímasetningu.

Nefndur Sigurður Þór strauk úr fangelsi í Kaupmannahöfn þann 27. ágúst 1979, er hann var að afplána ofangreindan fangelsisdóm, og fer huldu höfði. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er hann talinn dvelja í Mexíkó, og þykir því ekki útlit fyrir, að unnt verði að yfirheyra hann vegna máls þessa í náninni framtíð.

Sigríður Brynja Pétursdóttir, fædd 29. janúar 1956, var yfirheyrð hér í dómi 29. september 1978 sem vitni.

Kvaðst hún hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar 15. júlí sl. og komið hingað til lands aftur 23. eða 24. s. m. Hafi hún haldið utan ásamt eiginmanni sínum, Sigurði Þór Sigurðssyni, og þau verið í atvinnuleit. Kvað hún í Kaupmannahöfn bróður sinn, Halldór Lárus Pétursson, hafa tekið á móti þeim ásamt kunningja sínum, Árna Hrafnssyni. Kvað hún nafngreinda Íslendinga, er þau hafi hitt í Christianiu, hafa stundað umfangsmikla fíkniefnaverslun þar í borg. Skömmu eftir komu þeirra til Kaupmannahafnar kvaðst Sigríður ásamt bróður sínum, Halldóri Lárusi, og eiginmanni sínum hafa haldið með lest til Gautaborgar. Þar hafi hún orðið vitni að sölu á 200 gr af hassi, án afskipta eða þátttöku. Vegna stöðu vitnis taldi dómari varhugavert að leggja frekari spurningar fyrir vitni að svo komnu máli.

Er nefnd Sigríður var yfirheyrð sem grunuð 29. september

1978, kvaðst hún hafa orðið vitni að samkaupum þeirra Hermanns Ólasonar og Sigurðar Þórs á hassefnum fyrir 8.000 dansk-
ar kr. í Kaupmannahöfn á greindum tíma. Hafi þeir Sigurður
og ákærði selt hassið í Gautaborg.

Árni Hrafnsson áður nefndur bar hér í dómi 29. október 1978,
þá í gæsluvarðhaldi sem að ofan greinir, að hafa líklega 14. júlí
þ. á. tekið á móti Sigurði Þór Sigurðssyni og eiginkonu hans
ásamt ákærða, er þau komu flugleiðis til Kaupmannahafnar.
Hafi nefnd hjón 3 dögum síðar ásamt ákærða haldið til Gauta-
borgar með 200 gr af hassi í söluskyni.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að ofangreindur Hermann
Ólason hafi gengist við aðild að hasskaupum þeim, er hér um
ræðir.

III. ákæruliður.

Ákærði lýsti sakarefni í þessum ákærulið í yfirheyrslu hjá
lögreglu 19. október 1978 og hér í dómi 6. nóvember þ. á. Ákærði
kvaðst ásamt Sigurði Þór hafa haldið til Kaupmannahafnar, eft-
ir að sölu hassefna þeirra, er í næsta ákærulið hér að ofan lauk.
Þar hafi þeir hitt Hermann Ólason, sem hafi lagt til, að pen-
ingar þeir, sem fengust fyrir sölu hassefna úr næsta ákærulið
hér að ofan, yrðu ávaxtaðir með því að kaupa hass í Amster-
dam og flytja til Kaupmannahafnar. Hafi það verið um dansk-
ar kr. 2.700, sem Sigurður hafði handbærar. Hafi Sigurður Þór og
nefndur Hermann haldið með lest til Amsterdam og keypt hass
og flutt til Kaupmannahafnar. Ekki kvaðst ákærði vita, hve
mikið magn Hermann hafi keypt, en Sigurður Þór fengið í sinn
hlut 200 gr af svonefndu Pakistanhassefni. Sigurður Þór og
ákærði hafi síðan flutt efnið til Gautaborgar og þar í félagi selt
efnið ótilgreindum aðiljum og söluandvirði numið 6—7.000
sænskum kr. Ákærði kvaðst engin sölulaun hafa fengið greidd
fyrir ofangreint, utan hvað Sigurður Þór hafi kostað uppihald
sitt og ákærði fengið hassefni til eigin nota.

Varðandi Sigurð Þór Sigurðsson vísast til þess, er um fjar-
veru hans segir í málsatvikum varðandi II. ákærulið.

Hermann Ólason, fæddur 30. janúar 1946 í Reykjavík, sætti
gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 7. október 1978
til 11. nóvember s. á. Hér í dómi 11. nóv. þ. á. lýsti Hermann
nefndri hasskaupaferð ásamt Sigurði Þór, en kvaðst þá hafa farið
í bílaleigubífeði og Sigurð Þór keypt 200 gr af hassi og selt
í Gautaborg.

IV. ákæruliður.

Hér í dómi 6. nóvember 1978 og 19. október s. á. hjá lögreglu skýrði ákærði svo frá, að stuttu eftir að sölu efna í III. ákærulið lauk, þá hafi hann haldið áleiðis til Amsterdam til hasskaupa ásamt Sigurði Þór margnefndum, Hermanni Ólasyni og pilti, er heiti Róbert, og ferðin verið farin á bílaleigubifreið. Er til Hamborgar kom, hafi komið í ljós, að ákærði hafi gleymt vegabréfi sínu í Kaupmannahöfn og hann því orðið að snúa við og haldið aftur þangað. Ákærði kvaðst hafa beðið þeirra félaga í viku í Christianiu, en Sigurður Þór þá komið með 400—500 gr af hassi, er hafi verið hans hlutur úr ferðinni. Hafi ákærði og Sigurður Þór síðan haldið með hassið til Gautaborgar og selt þar í almenningsgarði ónefndum aðiljum á 30—35 sænskar kr. hvert gr og salan tekið um vikutíma. Hafi söluandvirðið numið 11.000 sænskum kr. brúttó, en þeir haldið að nýju til Kaupmannahafnar með eftirstöðvar söluandvirðisins.

Sigurður Þór Sigurðsson hefur ekki verið yfirheyrður, eins og rakið er undir ákærulið II hér að ofan.

Áðurnefndur Hermann Ólason bar hér í dómi 11. nóvember 1978 og hjá lögreglu daginn áður um hasskaupaferð þessa. Hafi þeir haldið af stað 4. ágúst þ. á. og með sér til Amsterdam haldið Sigurður Þór Sigurðsson og piltur nefndur Róbert. Kvaðst Hermann hafa keypt 290 gr af hassi, en Sigurður og Róbert keypt 1½ kg og efni síðan verið flutt til Gautaborgar. Þar hafi efninu verið skipt og ákærði þar aðstoðað Sigurð Þór við sölu hassins. Ekki tekur nefndur Hermann fram, hver hlutur Sigurðar og Róberts var hvors um sig.

Róbert Rósmann Guðjónsson, fæddur 25. febrúar 1957, var yfirheyrður um ofangreint hjá lögreglu 17. febrúar 1979 og hér í dómi 17. febrúar s. á., þá í gæsluvarðhaldi. Hann kvaðst „líklega í lok júlí“ sl. hafa haldið með nefndum Sigurði Þór, ákærða og Hermanni Ólasyni áleiðis til Amsterdam á bílaleigubifreið til hasskaupa. Ákærði hafi þó orðið að snúa við í Þýskalandi vegna vöntunar á vegabréfi. Þeir þremmenningar hafi síðan haldið áfram til Amsterdam og keypt samtals 2½ kg af hassi og flutt til Kaupmannahafnar. Kvaðst Róbert hafa átt 800 gr af hassinu, en gat ekki um eignarhlutföll hinna.

Sigurður Rafn Jóhannsson, fæddur 26. júní 1951, lýsti hér í dómi 5. nóv. 1978 vitneskju sinni um hér greinda hasskaupaferð. Kvað hann Sigurð Þór, Hermann Ólason og nefndan Róbert hafa haldið til Amsterdam á bílaleigubifreið og Hermann keypt

1/2 kg af hassi, Sigurður Þór 1 kg og Róbert 1/2 kg. Er þeir hafi komið til Kaupmannahafnar, hafi Sigurður Rafn og ákærði slegist í förina og efnin flutt til Gautaborgar til sölu þar. Hafi Sigurður Þór og ákærði orðið eftir í Gautaborg.

V. ákæruliður.

Ákærði lýsti hjá lögreglu 20. október 1978 og hér í dómi 6. nóvember s. á. Amsterdamför, er farin hefði verið skömmu eftir að sölu hassefna úr síðustu ferð lauk, eða nálægt miðjum ágúst þ. á. Ákærði kvað Hermann Ólason eða félaga hans Sigurð hafa tekið á leigu útleigubifreið til fararinnar og ákærði og Sigurður Þór slegist í för með þeim. Í Amsterdam kvaðst ákærði ásamt Sigurði Þór hafa keypt 1 kg af Pakistanhassi fyrir söluandvirði úr síðustu ferð. Hermann og Sigurður Þór hafi lent í rifrildi og það orðið til þess, að leiðir þeirra hafi skilið. Hafi Hermann og nefndur félagi hans, Sigurður, haldið áfram á bílaleigubifreiðinni, en ákærði og Sigurður Þór tekið lest til Kaupmannahafnar með hassið. Ákærði kvað þá hafa notað um 100—150 gr af hassinu, ýmist til eigin nota á leiðinni eða þá selt það til að eiga fyrir fari til Kaupmannahafnar. Hafi Sigurður síðan haldið einn til Svíþjóðar með efnið og selt þar og komið með um 19.000 sænskar kr. til baka, er verið hafi söluandvirði að frádregnum kostnaði þó.

Hermann Ólason var yfirheyrður hér í dómi 11. nóvember 1978 og bar þá á sama veg og ákærði um ofangreinda hasskaupaferð, en ekki kvaðst hann geta sagt til um, hve mikið hass ákærði og Sigurður Þór hafi keypt.

Margnefndur Sigurður Þór hefur ekki verið yfirheyrður, sbr. athugasemdir þar um við II. ákærulið.

Sigurður Rafn Jóhannsson lýsti hér í dómi ofangreindri hasskaupaferð á sama veg og ákærði og Hermann Ólason, en kvað ákærða og Sigurð hafa keypt 1½ kg af hassi.

VI. ákæruliður.

Í nefndu þinghaldi 6. nóvember 1978 skýrði ákærði svo frá, að tveimur til þremur dögum eftir að Sigurður Þór kom aftur til Kaupmannahafnar eftir sölu hassefna úr síðustu ferð þá hafi ákærði haldið í bifreið til Amsterdam ásamt Guðmundi Einarsyni og eiginkonu Guðmundar, Gígju Geirsdóttur. Hafi Guðmundur og Sigurður Þór skömmu áður keypt nefnda bifreið í Svíþjóð. Ákærði kvaðst hafa ásamt Guðmundi og Gígju í

Amsterdam keypt 4.4 kg af hassi og ákærði í sinn hlut fengið 2.2 kg. Hafi hann verið með fé frá Sigurði Þór, en svo hafi um samist þeirra í milli, eftir að systir ákærða hélt heim til Íslands, að ákærði yrði eigandi efna að 1/3 hluta.

Ákærði kvaðst síðan ásamt þeim hjónum hafa haldið með hassið til Kaupmannahafnar og þar hafi Sigurður Þór tekið við efnishlut hans og ákærða. Sigurður Þór hafi síðan selt meiri hluta hassins ónefndum aðiljum í Christianiu, en ákærði þó aðstoðað hann við söluna.

Margnefndur Sigurður Þór Sigurðsson hefur ekki verið yfirheyrður vaðandi ofangreint, sbr. athugasemdir varðandi II. ákærulið.

Guðmundur Einarsson, fæddur 19. nóvember 1952, var yfirheyrður hér í dómi 21. maí 1980, þá nýkominn úr fangelsi í Vestur-Þýskalandi, þar sem hann afplánaði dóm vegna fikni-efnasmygls, og lýsti þá för sinni í ágúst 1978 ásamt ákærða og eiginkonu sinni til Amsterdam, þar sem hann og ákærði hafi keypt samtals 4 kg af hassi. Hafi ákærði átt helming efnis, er þeir hafi flutt til Kaupmannahafnar. Þar hafi ákærði ásamt nafngreindum Íslendingi, er nú er látinn, séð um sölu efnishlutar Guðmundar.

Nefnd Gígja Geirsdóttir hefur ekki verið yfirheyrð, en hún hefur verið búsett erlendis samfellt frá því ofangreint átti sér stað.

VII. ákæruliður.

Í margnefndu þinghaldi 6. nóvember 1978 lýsti ákærði hasskaupaferð Árna Hrafnssonar og Sigurðar Þórs Sigurðssonar til Amsterdam nærri mánaðamótum ágúst—september þ. á. Kvað ákærði Árna hafa komið að máli við sig og lýst áhuga á að fara til Amsterdam ásamt Sigurði Þór, mági ákærða, og af orðið, að þeir héldu þangað með lest. Þar hafi Sigurður keypt 4 kg af Pakistanhassi og flutt til Kaupmannahafnar. Þeir þrír hafi síðan haldið með hassið til Svíþjóðar og selt af því lítils háttar í Gautaborg og Málmey. Í Málmey hafi þeir sótt rokkhljómleika þann 5. september. Þá hafi komið upp misklið milli ákærða og Sigurðar Þórs og leiðir þeirra skilið, en ákærði fengið í sinn hlut 1200 gr af því hassi, sem þá var eftir. Í Málmey kvaðst ákærði hafa hitt Kristján Aðalsteinsson og Pétur Blöndal Gíslason, er verið hafi með VW sendibifreið, er þeir hafi átt. Hafi orðið að samkomulagi, að þeir Pétur og Kristján ækju ákærða og Árna

til Gautaborgar að selja hassið, en ákærði mundi greiða allan fararkostnað og upphald. Í Gautaborg hafi ákærði selt hluta hassins, en vegna lélegrar sölu hafi þeir haldið til Osló til að reyna að selja hassið þar. Þar hafi Árni og Kristján aðstoðað við söluna. Að lokinni sölu í Osló hafi þeir haldið til Kaupmannahafnar með eftirstöðvar hassins, um 200 gr, og söluandvirði úr ferðinni, er var u. þ. b. 27.000 danskar krónur.

Sigurður Þór Sigurðsson hefur ekki verið yfirheyrður um ofangreint sem áður er rakið.

Árni Hrafnsson lýsti hér í dómi 29. október 1978 nefndri hasskaupaferð á sama veg og ákærði. Hafi í Amsterdam verið keypt um 4 kg af hassi og kaupverð verið nálægt 12.000 hollenskum gyllum, en Árni kvaðst hafa átt 130 gr af hassinu. Lýsti Árni ráðstöfun efnis á sama veg og ákærði.

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, er sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 29. september — 7. nóvember 1978, lýsti hér í dómi 28. október þ. á. ofangreindri hasssöluferð á sama veg og ákærði.

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, lýsti ofangreindri hasssöluferð á sama veg og ákærði hér í dómi 25. október 1978.

VIII. ákæruliður.

Ákærði lýsti sakarefni í þessum ákærulið hér í dómi 6. nóvember 1978 og 23. maí 1979. Kvaðst ákærði um miðjan september eða skömmu eftir að þeir fjórmenningar, er um ræðir í næsta ákærulið hér að framan, komu til Kaupmannahafnar hafa afhent þeim Árna, Kristjáni og Pétri meiri hluta áðurnefnds söluandvirðis, eða 24—25.000 danskar kr. Þeir hafi síðan haldið á bílaleigubifreið til Amsterdam og keypt 3 kg af Líbanonhassi og flutt til Kaupmannahafnar og afhent ákærða. Ákærði kvaðst hafa afhent Árna 200 gr af hassinu, sem hafi talist hans hlutur, auk 200 gr, er Árni átti að fá til viðbótar eftir flutning efnisins hingað til lands. Pétur Blöndal og Kristján hafi hins vegar átt að fá 100 gr hvor eftir flutning efnis hingað til lands. Þá hafi hann í Kaupmannahöfn lánað Pétri, Árna og Kristjáni 210 gr af hassinu.

Ákærði kvaðst í Kaupmannahöfn hafa lánað Hermanní Ólasyndi 210 gr af hassinu, Lárusi Svavarssyndi 150—200 gr og ónefndri danskri stúlku 50 gr. Þá kvaðst ákærði hafa lánað tveimur Dönum 500 gr af hassinu gegn edurgreiðslu eftir nokkra

daga, en þeir aðeins endurgreitt að litlu leyti. Einnig hafi hann notað 150 gr af hassinu til kaupa á fjórum vigtum og lóðakössum.

Loks hafi hann sent 1600 gr af hassinu til Íslands með eigin konu sinni, Margréti Einarsdóttur, er þangað hafi flutt efnið innan klæða. Í lok september þ. á. kvaðst ákærði hafa verið handtekinn í Kaupmannahöfn af lögreglu og þá með 15 gr af hassi í fórum sínum. Hafi hann setið í fangelsi þar í 4 daga vegna þessa, en síðan verið sendur hingað til lands 29. september þ. á. Hafi nálægt 400 gr af hassinu verið eftir á hótélherbergi, er mætti var handtekinn, en þar þá búið auk sín fyrrnefndir þremmingar, Pétur, Árni og Kristján.

Hassefni það, er hingað til lands var flutt, kvaðst ákærði hafa ætlað að selja á Keflavíkurflugvelli með hagnaði.

Árni Hrafnsson lýsti ítarlega atvikum varðandi sakarefni í þessum ákærulið hér í dómi 29. október 1978 og enn hér í dómi 16. maí 1979. Árni kvaðst um miðjan september 1978 hafa haldið til Amsterdam á bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn og ásamt sér í ferðum verið Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson. Ferðir og uppihald hafi ákærði kostað og lagt fram liðlega 24.000 norskar kr. til hasskaupa. Í Amsterdam hafi þeir keypt 3.1—3.2 kg af hassi fyrir ofangreint fé í eigu ákærða, en Árni þó talist eiga 400 gr af efni vegna aðstoðar við ákærða. Efnið hafi þeir síðan flutt til Kaupmannahafnar og þar afhent óskipt ákærða. Ákærði hafi síðan afhent Árna 200 gr af sínum hluta, og þau kvaðst Árni hafa selt ótilgreindum aðiljum í Kaupmannahöfn, en eftirstöðvar efnishluta Árna hafi hann átt að fá eftir komu hingað til lands samkvæmt ráðagerð þeirra félaga. Hafi Margrét Einarsdóttir, eiginkona ákærða, tekið við 1.6 kg af nefndu efni og flutt flugleiðis hingað til lands.

Ofangreind Margrét Einarsdóttir, fædd 15. nóvember 1957, var yfirheyrð hér í dómi 26. október 1978. Bar hún að hafa flutt hingað til lands þann 21. september þ. á. alls 1600 gr af hassi innan klæða skv. beiðni ákærða og fleiri aðilja og afhent Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kristján Aðalsteinsson var yfirheyrður um sakaratriði í þessum lið ákæru hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978, hér í dómi sama dag og daginn eftir.

Kristján lýsti í nefndum yfirheyrslum dvöl sinni ásamt nafngreindum kunningjum íslenskum í svonefndu Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn og samskiptum sínum við aðilja þar dvelj-

andi, er fengust við verslun með fíkniefni. Kristján lýsti síðan aðdraganda að för sinni frá Kaupmannahöfn til Amsterdam í september 1978 ásamt þeim Pétri Blöndal Gíslasyni og Árna Hrafnssyni til hasskaupa fyrir ákærða. Hafi ákærði tekið bílaleigubifreið til farar og greitt annan kostnað af ferðinni og alfarið fjármagnað efniskaup. Ákærði kvað þá þremmenninga hafa lagt af stað í nefndri bílaleigubifreið til Amsterdam í annarri viku septembermánaðar.

Kristján kvaðst hafa ekið, áður nefndur Árni annast vörslur fjárens, er ákærði afhenti þeim til fíkniefnakaupanna, en er til Amsterdam kom, hafi Pétur Blöndal annast kaup á 3 kg af hassi af svonefndri Líbanontegund. Efnið hafi þeir síðan flutt í nefndri bifreið til Kaupmannahafnar, þar sem þeir hafi afhent ákærða óskipt ofangreint hassmagn. Kristján kvað þá þremmenninga hafa átt að fá 100 gr hvern af hassinu fyrir kaup og flutning efnis. Hafi verið ráðgert að flytja hassið hingað til lands og flutning átt að annast eiginkona ákærða, Margrét María Einarsdóttir. Kvað Kristján umsamið milli sín og ákærða, að hann fengi sinn efnishlut eftir komu þess hingað til lands, en tæki þá jafnframt við efni ákærða frá nefndri Margréti Maríu og geymdi, uns ákærði kæmi sjálfur hingað til lands.

Eftir komu þeirra þremmenninga með greind 3 kg af hassi til Kaupmannahafnar og afhendingu þeirra til ákærða kvað Kristján þá ásamt ákærða hafa leigt tvö herbergi á hóteli við Nýhöfn, líklega hóteli Corona. Hafi Kristján og Pétur Blöndal búið í öðru herberginu, en Árni og ákærði í hinu. Hafi þeir tveir síðast nefndu ráðgert að selja eitthvað af hassinu í Kaupmannahöfn til þess að standa straum af hótelnkostnaði, bílaleigubifreið og fleiru, en ekki kvaðst Kristján hafa tekið þátt í þeirri sölu.

Kristján kvað ákærða hafa átt hugmyndina að því að fá Margréti Maríu til að flytja hassið hingað til lands, en hún hafi oft komið í heimsókn til þeirra á nefnt hótél við Nýhöfn. Kristján kvaðst hafa aðstoðað við að ganga frá hassefnum fyrir flutning til Íslands. Hafi efnið verið í 200 gr böggjum og 8 slíkum verið komið fyrir innan klæða á nefndri Margréti Maríu, áður en hún hélt flugleiðis hingað til lands.

Að kvöldi 23. september við komu til Reykjavíkur kvaðst Kristján hafa haldið á heimili Margrétar Maríu við Grensásveg 52 og hjá henni mótttekið plastpoka með 7 200 gr böggjum af hassi fyrrgreindu. Hafi hann afhent Margréti Maríu 80 gr af

hassinu fyrir flutninginn, selt tilgreindum aðilja 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, haft 90 gr til eigin nota, en komið eftirstöðvunum í geymslu hjá frænda sínum Hirti Hjartarsyni að Vesturgötu 63 í Reykjavík. Vísaði Kristján síðar á hassefnið með aðstoð nefnds Hjartar, og reyndist þar um að ræða um 1260 gr af ætluðu hassefni, er lögregla lagði hald á.

Hjörtur Hjartarson, fæddur 13. nóvember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978 og bar á sama veg og Kristján um móttöku ofangreinds hassefnis til geymslu fyrir ákærða. Kvaðst hann eftir handtöku Kristjáns hafa haldið með pakka með ofangreindu hassefni til systur sinnar, en vísaði síðan lögreglu á efnið.

Pétur Blöndal Gíslason lýsti ítarlega atvikum varðandi sakar efni í þessum lið ákæru hér í dómi 29. október 1978 og lýsti þá för sinni til Amsterdam ásamt Árna Hrafnssyni og Kristjáni Aðalsteinssyni þann 16. september það ár með um 25.000 danskar krónur frá ákærða, er alfarið hafi kostað för þeirra. Hafi ferðin verið farin á bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn og tilgangur verið hasskaup í Amsterdam. Er til Amsterdam kom, kvaðst Pétur hafa keypt 2.8 kg af Líbanonhassi af sér ókunnum aðilja fyrir liðlega 8.000 hollensk gyllini, er hann áður hafi fengið í skiptum fyrir dönsku krónurnar.

Pétur kvað þá félaga síðar hafa flutt hassið með sér til Kaupmannahafnar á fund ákærða, er tekið hafi við efninu óskiptu. Pétur kvað þá ekki hafa fengið meina sérstaka þóknun fyrir ofangreind kaup, utan hvað þeir hafi mátt taka af efni ákærða til eigin nota og Pétur m. a. af því selt 50 gr í Kaupmannahöfn. Eftir komu þeirra til Kaupmannahafnar kvað Pétur ákærða hafa tekið á leigu tvö hótélherbergi og þeir þremmenningar þar dvalið á kostnað ákærða í nokkra daga.

Er Pétur var yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember s. á., kvaðst hann aðspurður hafa vitað, að Margrét María, eiginkona ákærða, hefði flutt ofangreint hassefni hingað til lands þá um haustið, en sjálfur engan þátt átt í flutningi þess hingað til lands.

Pétur var enn yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 19. júlí 1979 og þá inntur nánar eftir endurgjaldi fyrir ofangreinda hasskaupferð. Pétur bar á sama veg og áður, kvað ekki hafa verið endanlega afráðið um endurgjöld, er ákærði var handtekinn og fluttur til Íslands. Þá kvaðst Pétur hafa neitað boði ákærða um greiðslu fyrir ferðina í hassefni hér á landi

NIDURSTÖÐUR.

I. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi er í þessum ákærulið greinir, og er játning hans studd framburði nefnds Árna Hrafnssonar. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan maí 1978 í félagi við Árna Hrafnsson keypt 120 gr af hassi í Amsterdam og flutt megnið af því til Kaupmannahafnar, en efnið höfðu þeir til eigin nota.

II. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, og er játning hans studd framburðum þeirra Árna Hrafnssonar og Sigíðar Brynju Pétursdóttur, en þau telja magn hass-efnis 200 gr. Þrátt fyrir játningu ákærða þykir varlegra að miða við það efnismagn. Samkvæmt ofansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum fyrirvara um efnismagn, nánar í seinni hluta júlí 1978 í félagi við nafngreindan Íslending, S. Þ. S., keypt hass-efni í Kaupmannahöfn, um 200 gr á 17—18 kr. danskar hvert gramm, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 6—7.000 sænskar krónur, sem ákærði afhenti nefndum S. Þ. S.

III. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning að nokkru studd framburði Hermanns Ólasonar. Þykir þannig nægilega sannað, þrátt fyrir að ekki liggi fyrir framburður Sigurðar Þórs Sigurðssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar nærri mánaðamótum júlí/ágúst 1978 í félagi við nefndan S. Þ. S. selt um 200 gr af hassi í eigu S. Þ. S. ótilgreindum mönnum í Gautaborg fyrir um 6—7.000 sænskar kr.

IV. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, en er ónákvæmur hvað efnismagn varðar og telur það 400—500 gr. Játning ákærða er að nokkru studd framburðum þeirra Sigurðar Rafns Jóhannssonar, Róberts Rósmanns Guðjónssonar og Hermanns Ólasonar, þó ekki verði af framburðum þeirra

fullyrt um efnismagn. Þá liggur ekki fyrir framburður Sigurðar Þórs. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð ákærða, en varlegra þó að miða við lægri mörk í framburði hans um efnismagn. Þykir samkvæmt ofansögðu nægilega sannað, að ákærði hafi um sama leyti og í III. ákærulið greinir í félagi við nefndan S. Þ. S. selt 400 gr af hassi í eigu hans ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir 10—11.000 sænskar kr.

V. ákæruliður.

Ákærði hefur játað brot þau, er í þessum ákærulið greinir, og er játning sú studd framburðum þeirra Hermanns Ólasonar og Sigurðar Rafns Jóhannssonar. Hins vegar liggur ekki fyrir framburður Sigurðar Þórs Sigurðssonar. Þykir samkvæmt ofansögðu öllu nægilega sannað, að ákærði hafi haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í fyrri hluta ágúst 1978 enn í félagi við S. Þ. S. keypt 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, en fé til kaupanna tóku þeir af söluandvirði efnisins í IV. lið. Nefndur S. Þ. S. flutti síðan megnið af efninu til Svíþjóðar og seldi það þar fyrir þá félaga fyrir um 19.000 sænskar kr.

VI. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburði Guðmundar Einarssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, utan hvað hér þykir rétt að leggja til grunnvallar framburð Guðmundar Einarssonar um efnismagn. Samkvæmt ofansögðu þykir því sannað, að ákærði hafi um miðjan ágúst 1978 í félagi við nafngreinda Íslendinga, G. E. og G. G., keypt alls um 4 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Kaupmannahafnar og fengið þar í sinn hlut 2 kg af efninu, sem taldist sameign ákærða og framangreinds S. Þ. S., en fé til kaupanna tók ákærði af söluandvirði hassins í V. lið. Ákærði seldi megnið af efninu ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn í félagi við S. Þ. S.

VII. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og játning hans studd framburðum þeirra Árna Hrafnssonar, Péturs Blöndal Gíslasonar og Kristjáns Aðalsteinssonar. Samkvæmt því þykir rækilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákæru-

lið greinir, nánar nærri mánaðamótum ágúst/september 1978 í félagi við nefndan S. Þ. S. og Árna Hrafnsson flutt 4 kg af hassi frá Kaupmannahöfn til Svíþjóðar og ásamt S. Þ. S. selt þar hluta efnisins ótilgreindum mönnum í Gautaborg og Málmey. Um 5. september enn haft til umráða um 1200 gr. efnisins, sem ákærði seldi að hluta í Gautaborg, og síðan flutt megnið af þessum efnisskammti til Osló í félagi við Árna Hrafnsson, Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson og selt þar ótilgreindum aðiljum, en að því loknu hafði ákærði í fórum sínum u. þ. b. jafnvirði 27.000 danskra króna, sem hann flutti til Kaupmannahafnar.

VIII. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburðum allra viðkomandi aðilja, að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan september 1978 í Kaupmannahöfn afhent nefndum Árna Hrafnssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Kristjáni Aðalsteinssyni megnið af fénu, sem um ræðir í lok VII. liðs, til kaupa á hassi í Amsterdam, þar sem þeir þremmenningar keyptu síðan 3 kg af efninu og fluttu til ákærða í Kaupmannahöfn, og taldist meginhluti efnisins eign ákærða, en 400 gr eign nefnds Árna, sem ákærði afhenti 200 gr þá þegar, og enn fremur afhent nefndum þremmenningum um 200 gr efnisins að láni. Auk þess ráðstafað um 1 kg af efninu í borginni, að mestu til ótilgreindra aðilja. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, Árna, Péturs og Kristjáns, flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af þessu efni hingað til lands 21. september, og hugðist ákærði selja meginhluta þess efnisskammts nokkru síðar á Keflavíkurflugvelli í ágóðaskyni, en ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 30. s. m., og síðan lagði lögreglan hald á um 1260 gr efnisins í Reykjavík 25. október.

Framangreind brot ákærða ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. Hrd. 1979, 882, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákærða á fíkniefnum erlendis.

Þykir ákærði samkvæmt ofansögðu hafa unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en hann féllst þann 10. mars 1981 og hér í dómi á greiðslu 8.500 kr. fésektar fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974. Ber samkvæmt því að ákvarða refsingu ákærða í máli þessu með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í 20 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 15.000.00, þar sem ákærði hafði nokkurn hagnað af brotum sínum. Komi 90 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar.

Loks ber með vísan til 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma upptæk til eyðingar um 1260 gr af hassi, er hald var lagt á við rannsókn málsins.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 3.500.00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 3.500.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, fæddur 6. mars 1958 í Reykjavík, sæti fangelsi í 20 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 15.000.00. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar, en í sektar stað 90 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 1260 gr af hassi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 3.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 3.500.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.